

VERKMIÐLAÐA
Á AKRAN
BÓKASAFN

301
- 4 au

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM II

Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 1997

Ritstjóri

Friðrik H. Jónsson

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Háskólaútgáfan

1998

017959

MEÐ KJÚKLING Í HATTINUM: FLÖKKUSAGNIR Í SAMTÍMANUM

Rakel Pálsdóttir, þjóðfræðingur

Sagnaflokkurinn sem hér verður fjallað um hefur ýmist verið nefndur nútímapjóðsögur, flökkusagnir eða samtímasagnir.¹ En hvaða fyrirbæri skyldu þetta vera? Þessar sagnir eiga sameiginlegt að berast munnlega á milli manna, þær flakka milli landa og ná oft ótrúlegri útbreiðslu. Efni þeirra er sótt í samtímann og fjalla gjarnan um fyrirbæri sem við kunnum ekki fullkomlega skil á, eins og nýja tækni, framandi menningu, ókennilegar plöntur og því um líkt. Sagnirnar fela í sér ákveðinn boðskap, víti til varnaðar eða einfaldan siðaboðskap. Annað athyglisvert samkenni sagnanna er, að farið er með þær sem sannleika, þær birtast oftast en ekki í fjölmiðlum og það eykur hraða og umfang útbreiðslunnar verulega.²

Þjóðsaga eða sögn?

Til þess að skýra tiltekið fyrirbæri sem best er nauðsynlegt að nafn þess sé lýsandi fyrir eiginleikana. Algengustu nöfn þeirra sagna sem hér eru til umræðu eru nútímapjóðsaga, flökkusögn og samtímasögn. Ekkert þessara nafna nær þó að lýsa viðfangsefninu til fullnustu. Hér kemur til skilgreiningaratriði á því hvað er þjóðsaga og hvað sögn. Í grein sinni *Þjóðsögur og sagnir*, segir Jón Hnefill Aðalsteinsson meðal annars að skilgreiningar hljóti að verða opnar þar sem að um eiginleg mörk milli

1 Viðfangsefnið er BA-verkefni höfundar og er greinin skrifuð á frumstigi rannsóknar.

2 Sjá til dæmis umfjöllun Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigþórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Þjóðsögu og sagnar sé tæpast að ræða og efni þessara tveggja flokka skarist að meira eða minna leyti. Þó að fræðimönnum beri ekki alltaf saman í smáatriðum, eru flestir sammála um að greinarmunur sé á þjóðsögu annars vegar og sögn hins vegar. Þjóðsagan er lengri og fastmótuð, en sögnin styttri, ómótaðri og með beinari tilvísun í raunveruleikann.³

Ef við lítum á ytra formið sjáum við að byggingin fellur í öllum megindrátum betur undir skilgreiningar á sögnum en þjóðsögum. Það eitt ætti að útiloka notkun okkar á orðinu. Nöfnin flökkusögn og samtímasögn hafa tilvísun í tvö af megineinkennum sagnanna, það er flökkueðli þeirra og tilvist í samtímanum. Flökkusagnir eru þó ekki einskorðaðar við nútímann, þær hafa alltaf verið til og tekið mið af tíðarandanum hverju sinni. Orðið flökkusögn eitt og sér gæti því verið misvísandi vegna þess að ákveðnar sagnir eru bundnar samtímanum. Saman lýsa þessi orð fyrirbærinu ágætlega og því virðist góð lausn að kalla sagnirnar flökkusagnir samtímans.

Land úr landi

Flökkueðlið er eitt af megineinkennum sagnanna. Sumar verða aldrei annað en staðbundið slúður en aðrar ferðast eins og eldur í sinu hérað úr héraði og land úr landi. Sömu sagnir er að finna í fjarlægum löndum og jafnvel ólíkum heimsálfum.⁴ Líkt og eldri sagnir taka þær lit af samfélaginu sem þær lifa í hverju sinni, en eru að öðru leyti nær óbreyttar. Þær hafa oft á tíðum sömu eða svipuð minni og eldri þjóðsagnir en ytri umgjörð er löguð að nútímaaðstæðum.

Í hinum vestræna heimi eru skógar, óbyggðir og fjöll ekki lengur ókönnuð og dularfull svæði sem geyma útilegumenn, álfa og tröll. En aðrir hlutir óþekktir og framandi koma í staðinn, tæknivæðing, eiturlyf eða jurtir og skordýr frá framandi slóðum.⁵ Einungis lítill hluti allra sagna fer á flug um heiminn og nær slíkri útbreiðslu og ekkert einhlítt svar getur fengist við spurningunni af hverju margar flökkusagnir

3 Jón Hnefill Aðalsteinsson (1989). Þjóðsögur og sagnir. Í Frosta F. Jóhannessyni (Ritstj.). *Íslensk þjóðmenning* VI, 228–234. Reykjavík: Þjóðsaga.

4 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigþórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls. 16.

5 Guðrún Bjartmarsdóttir (1988). *Bergmál. Sýnisbók íslenskra þjóðfræða*. Reykjavík: Mál og menning.

samtímans eru jafn útbreiddar og raun ber vitni. Þó má nefna að uppbygging eða formgerð sagnanna gerir það að verkum að þær eru eftirminnilegar og auðvelt er að hafa þær eftir. Þá endurspeglar innihald þeirra oftast en ekki heimsmynd okkar, hugmyndir um lífið og tilveruna og falla þannig vel inn í samfélagið.⁶ Oftast en ekki birtast þessar sagnir í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi og er það ekki síst til að auka trú á sannleiksgildi þeirra og útbreiðslu.

Mogginn lýgur ekki!

Margir erlendir þjóðfræðingar hafa rannsakað flökkusagnir samtímans ýtarlega og tiltaka í ritum sínum aragrúa dæma um sagnaefni sem birst hefur á öldum ljósvakans eða á prenti.⁷ Reimund Kvideland gefur skýra mynd af sögn sem flakkaði meðal dagblaða í grein sinni, *Det stod i avisa!*⁸ Þar fylgir hann eftir sögninni um forsmáða eiginmanninn sem fyllti bíl keppinautar síns af steypu. Sögnin birtist fyrst í *Bergens Arbeiderblad* þann 6. mars 1973, strax næsta dag birtist hún í öðrum dagblöðum víðsvegar um Noreg og þann 12. mars birtist fréttin í *Daily Nation* í Nairobi. Ef flökkusagnir berast á borð stórra fréttastofa er viðbúið að þær séu sendar út allvíða. Sama sögn fór á flug árið 1960 í Bandaríkjunum en þá sendi fréttastofa AP hana út sem frétt víðsvegar um Bandaríkin. Sagnirnar birtast þó ekki alltaf sem frétt í blöðum eða útvarpi, oftast en ekki fljóta þær með öðrum fréttum sem hálfgerðar skemmtisögur. Oft vill þó verða að lesandi eða áheyrandi muni sjálfa sögnina fremur en það sem stóð með henni. Þannig lýkur sögumaður oft máli sínu með því að segja „ég las þetta í blaðinu“ og undirstrikar þannig sannleiksgildi hennar.⁹ Af þessum dæmum ætti að vera ljóst hversu mikil og hröð dreifingin verður ef sagnirnar fara þessa leið.

Jóhanna S. Sigþórsdóttir blaðamaður þýddi árið 1991 bók þýska þjóðfræðingsins Rolf Wilhelm Brednich, *Die Spinne in der Yucca-Palme: Sagenshafte Geschichten von heute*. Í bókinni, sem hún nefndi

6 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan i pizzan*, bls. 9.

7 Sjá t.d. Klintberg, B. af (1992). *Ráttan i pizzan*; Brunvand, J. H.: *The Vanishing Hitchiker. American Urban Legends and Their Meanings*; og sami höfundur (1984). *The Choking Doberman. And Other „New“ Urban Legends*.

8 Kvideland, R. (1973). Det stod i avisa, Når vandrehistorier blir avismeldingar. *Tradisjon* 3.

9 Brunvand, J. H. (1984). *The Choking Doberman and Other „New“ Urban Legends*, bls. 150–151.

Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum, bætti hún við íslenskum sagnaafbrigðum og tiltók ef þær höfðu birst á prenti. Jóhanna hafði lengi umsjón með dálkinum Sandkorn í Dagblaðinu Vísi og þar höfðu allmargar þeirra sagna sem var að finna í bók Brednich skotið upp kollinum.¹⁰

Hið ókunna er alltaf varasamt

Flökkusagnir samtímans fjalla um áhugaverða og óvenjulega hluti sem eiga og gætu hafa gerst, þær fanga athygli hlustandans og framkalla ákveðin viðbrögð, oftast óhug, undrun eða hlátur. Þær túlka gjarnan samfélagsbreytingar, málefni sem eru ofarlega á baugi í þjóðfélaginu eða hræðslu og óöryggi við það sem framandi er.¹¹ Þannig viðhalda þær oft og ýta undir fordóma sem eru einmitt algengir fylgifyskar hræðslu og óöryggis.¹² Hlutverk þeirra virðist þannig vera tvíþætt; annars vegar ala þær á hræðslu og fordómum og hins vegar veita þær útrás fyrir sömu tilfinningar. Í því sambandi má til dæmis nefna flökkusagnir um undarlega siði innflytjenda eða framandlega matargerð á austurlenskum matsölustöðum. Þannig hljómar ein sagnagerð sem meðal annars hefur gengið fjöllum hærra hér á landi og víðar:¹³

Hópur af fólki fór út að borða á austurlenskan veitingastað hér í Reykjavík. Einn úr hópnum fann fyrir miklum óþægindum í maga þegar hann kom heim, sem ágerðust svo að hann leitaði læknis. Var hann sendur með hraði á sjúkrahús þar sem hann greindist með svæsna matareitrun. Þegar lækarnir reyndu að finna orsökina með því að rannsaka innihald magans, komust þeir að því að hann hafði innbyrt rottukjöt.

Þessi frásaga er gott dæmi um sögn sem gegnir áðurnefndum hlutverkum. Hún og aðrar henni líkar eru mjög útbreiddar í Evrópu og Bandaríkjunum. Rottukjötinu hefur þá stundum verið skipt út fyrir ketti, hunda, rottubein eða jafnvel hunda- og kattamat. Matsölustaðurinn getur

10 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigþórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls.11–12.

11 Brunvand, J. H. (1984). *The Choking Doberman and Other „New“ Urban Legends*, bls. xii.

12 Holbæk, B. (1995). Stories about Strangers. *International Folklore Review. Folklore Studies from Overseas*, 10, 6–9.

13 Endursögn á sögninni eins og höfundur heyrði hana hjá vinkonu sinni. Sögnin kom upp í samræðum sem sannleikur þar sem ákveðið veitingahús í Reykjavík var nefnt.

verið kínverskur, ungverskur, grískur, ítalskur, mexíkóskur, svo framarlega sem hann býður upp á framandi matseðil.¹⁴ Flökkusagnir samtímans fela í sér ákveðin skilaboð, það geta verið fordómar, siðaboðskapur, varúðir eða hvað sem helst. Svo dæmi sé tekið má nefna sögnina um köngulóna í jukkunni sem einnig er útbreidd mjög víða.¹⁵

Ung kona keypti sér jukku á útsölu í Blómavali. Viku síðar þegar hún vökvaði plöntuna þóttist hún heyra einhvers konar hvæs. Hún leiddi hugann ekki frekar að því þar sem hún taldi að um ofheyrnir hefði verið að ræða. Þegar hún vökvaði næst heyrði hún sama hljóð og í það skiptið gekk hún úr skugga um að hljóðið kæmi alveg örugglega frá plöntunni og komst að því, að það heyrðist þegar hún hellti vatni í moldina. Henni hætti að standa á sama og afréð að hringja í Blómaval og spyrjast fyrir. Í búðinni fékk hún samband við afgreiðslumann og lýsti fyrir honum reynslu sinni. Brá þá svo við að maðurinn spurði hana gætilega að því hvort hún væri ein í íbúðinni. Hún svaraði því til að hún væri ein með ungt barn sitt. Hann sagði henni þá að taka barnið, koma sér út úr íbúðinni hið snarasta og bíða eftir sér, sem hún og gerði. Stuttu síðar komu tveir menn í hlífðargöllum og með einhvern útbúnað líkastan búri. Þeir drifu sig inn og komu stuttu seinna með jukkuna í búrinu. Þá reyndist banvæn könguló hafa hreiðrað um sig við rætur plöntunnar, hún lá á eggjum og þegar konan vökvaði brást hún við áreitinu með því að hvæsa.

Hér gætir fordóma gagnvart því sem er framandi. Plantan er hingað komin úr myrkviðum frumskóga, auk þess sem innihaldið varar okkur við öllum jurtum sem ekki beinlínis vaxa í öruggum birkiskógum Íslands. Þessi sögn birtist í dagblöðum í Svíþjóð og Englandi, eins í megindráttum.¹⁶ Geta má þess að blómabúðir áttu í stökustu vandræðum með áhyggjufulla eigendur jukkapálma sem hringdu stöðugt með fyrirspurnir. Hingað til lands barst sögnin líka og birtist í Sandkorni DV. Sá sem hringdi í dagblaðið fullyrti að jukkan hefði verið keypt í Blómavali, en starfsfólk þar kannaðist ekki við málið þegar haft var samband við það.

14 Sjá t.d. Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; Sami höfundur (1981). *Modern Migratory Legends in Oral Tradition and Daily Papers*. *ARV. Scandinavian Yearbook of folklore* 37, 153–156.

15 Þessa sögn heyrði höfundur frá mágkonu sinni Unni Sigurðardóttur sumarið 1996. Konan sem í hlut átti var kunningjakona vinkonu Unnar. Hér er hún endursögð.

16 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigþórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls. 125.

Flökkusagnir samtímans fjalla ekki bara um atburði sem vekja með okkur óhug, þvert á móti er efni þeirra oft kímilegar eða neyðarlegar uppákomur, og skarast þá að verulegu leyti við annað samtímaefni, brandara og skopsögur ýmis konar. Ein slík flökkusögn er á þessa leið:¹⁷

Það gerðist eitt sinn í Hagkaupum í Skeifunni að maður sem var að versla féll í yfirlið við afgreiðslukassann. Við fallið féll höfuðfat hans af honum og undan því valt frosinn kjúklingur sem hann ætlaði að hafa á brott með sér án þess að borga. Kuldann lagði af kjúklingnum beint á hvirfil mannsins og olli því að hann féll í yfirlið.

Þessi sögn vekur óneitanlega hlátur yfir hinu undarlega uppátæki mannsins, en jafnframt er ekki laust við að hún fái hárin til að rísa á höfðinu við tilhugsunina um hið pínlega atvik þegar verslunarfólkið og aðrir viðskiptavinir sáu hvers kyns var. Sögnin inniheldur mjög einfaldan siðabodskap: þú skalt ekki stela. Þessa frásögn er meðal annars að finna í Svíþjóð, Þýskalandi, Englandi, Finnlandi og Bandaríkjunum. Hún birtist einnig í Sandkorni DV, þar sem vettvangur var ónefnd kjörbúð í Reykjavík.¹⁸

Fyrir nokkrum árum fór sögn tengd sjúkdóminum eyðni eins og eldur í sinu um Reykjavík. Sögnin segir frá ungum manni sem náði sér í hjásvæfu á skemmtistað. Morguninn eftir vaknaði hann aleinn í rúminu og fór inn á baðherbergi. Á speglinum þar stóð skrifað með varaliti: „Velkominn í Aidsklúbbinn“. Þetta á að hafa gerst ansi víða ef marka má sögusagnir.¹⁹ Bæði karlar og konur á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Bandaríkjunum virðast hafa orðið fyrir barðinu á óprúttum eyðni-sjúkling sem vílaði ekki fyrir sér að smita þau af ásettu ráði. Sögnin birtist í Sandkorni og átti þá að hafa gerst á Hótel Esju.²⁰ Í flestum afbrigðum sagnarinnar á Norðurlöndum eru skilaboðin á miða á nátt-borðinu, en hér á landi eru þau skrifuð á spegilinn með rauðum varaliti.

17 Sögn endursögð eins og höfundur heyrði hana fyrir um það bil 5–6 árum.

18 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigbórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls. 84; Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*, bls. 35–37.

19 Guðrún Bjartmarsdóttir (1988). Bergmál. Sýnisbók íslenskra þjóðfræða, bls. 26.

20 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigbórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls. 64.

Guðrún Bjartmarsdóttir hefur gert grein fyrir þessum mun á áhuga-
verðan hátt í formála sínum að *Bergmáli. Sýnisbók íslenskra þjóðfræða*,
sem kom út árið 1988. Þar segir hún:²¹

Óneitanlega er íslenska afbrigðið stórum áhrifameira, sprottið beint
úr sagnahefðinni sem notar myndir og tákni, skerpur liti og færir í
stílinn. Skriftin á speglinum (veggnum) er eldgamalt Biblíuminni,
þar notað til að birta óheillaspá (Dan. 5.5–30), og rautt er litur elds
og blóðs, ástar og hættu, og felur þannig í sér allar þær hugmyndir
sem almenningur tengir við þennan banvæna sjúkdóm.

Sama minni með varalitinn kemur reyndar fram í þýskri sögn sem er
að finna í bók Brednichs.²² Þannig er ekki hægt að tala um séríslenskt
afbrigði þó að það sé frábrugðið sögnum af Norðurlöndum.

Hverjir segja sögur?

Flökkusagnir samtímans eru munnlegt efni og er miðlað í rás samræðna.
Þannig eru sérstakir sögumenn ekki til staðar, þó að vissulega farist
sumum betur úr hendi en öðrum að segja frá. Samspil áheyrenda og
sögumanns er ákaflega mikilvægt.²³ Allir virðast taka þátt í útbreiðsl-
unni og gegna þar ákveðnu hlutverki, jafnt þeir sem segja sagnirnar. Þeir
sem leggja trúnað á þær og þeir sem trúa þeim ekki. Þeir sem trúa
sögnunum og finnst eitthvað til þeirra koma miðla þeim strax áfram til
fleiri áheyrenda. Hvað varðar hina er það nú einu sinni svo að um leið og
einhver fer að lýsa yfir vantrú sinni, er eins og bæði sögumaður og aðrir
áheyrendur færast allir í aukana við að færa sönnur á sögnina, og fleiri og
fleiri atriði fara að tínast til sem veita henni meira sannleiksgildi. Sögnin
fjallar ekki um einhvern óstaðfestan mann út í bæ, heldur um vin vinar
eða kunningja frænku, og alltaf er hún höfð eftir bestu heimildum.
Þannig hafa flökkusagnir samtímans ákveðna rótfestu sem gefur þeim
aukið sannleiksgildi, hún fjallar um tilgreinda persónu á ákveðnum stað
eða stund. Þetta er ein af grundvallarforsendum fyrir miðlun þeirra.

21 Guðrún Bjartmarsdóttir (1988). *Bergmál. Sýnisbók íslenskra þjóðfræða*, bls. 26.

22 Klintberg, B. af (1992). *Ráttan í pizzan*; og Brednich, R. W. (1991). *Krampi á versta tíma. Þjóðsögur úr nútímanum*. Jóhanna S. Sigþórsdóttir þýddi og bætti við íslenskum sögum. Reykjavík: Almenna bókafélagið, bls. 63.

23 Dégh, L. (1972). Folk Narrative. Í Dorson, R. (Ritstj.). *Folklore and Folklife. An Introduction*, bls. 58–83. Chicago: University of Chicago Press.

Margt er enn á huldu um flökkusagnir samtímans og mörgum spurningum ósvarað. Hægt er að líkja rannsókn af þessu tagi við ferðalag þar sem sífellt ber eitthvað nýtt fyrir augu og nýjar og nýjar spurningar vakna. Þá ríður á að hafa áttavitann í lagi og villast ekki af leið. Ótal spurningar skjóta upp kollinum. Höfðar til dæmis eitthvað ákveðið efni frekar til kvenna en karla og öfugt? Eða er annað kynið virkara í miðlun sagnanna? Hvar eiga sagnirnar upptök sín? Segja þær frá raunverulegum atburðum sem hafa átt sér stað? Styðjast þær við eitthvað sem afbakast síðan á langri leið? Eða eru þær ef til vill uppsuni frá rótum? Er til eitthvað sem kalla má séríslenskar sagnir og ef svo er, í hverju felst munurinn? Þetta eru örfáar spurningar sem áhugavert verður að takast á við. Framhald rannsóknarinnar leitar svara við þessum vangaveltum og dregur vonandi fram dýpri skilning á flökkusögnum samtímans, eðli þeirra, merkingu og hlutverki í íslensku samfélagi.